SVÆÐISFÉLAGIÐ KLETTUR

Félag smábátaeigenda Ólafsförður - Tjörnes.

Ályktanir aðalfundar Kletts 30. september 2012 til 28. aðalfundar L.S.

1. Aðalfundur Kletts hafnar alfarið frekari stækkun krókabáta.

2. Aðalfundur Kletts styður framkomnar hugmyndir um fækkun veiðidaga við grásleppuveiðar á næsta ári, enda sé það hluti af aðlögun veiðanna að markaðsaðstæðum í samvinnu við aðrar veiðiþjóðir og stærstu framleiðendur grásleppuhrognakavíars.

3. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar ýsukvóta í 50 þús tonn og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.

4. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar þorskkvóta í 230 þús tonn, í samræmi við aflareglu.

5. Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld að hætta nú þegar árásum sínum á sjávarútveginn í formi ofurskatta og ofstjórnar og gefa greininni frið til að vaxa og dafna til að takast á í samkeppni við ríkisstyrktann sjávarútveg nágrannaþjóðanna.

6. Aðalfundur Kletts styður framkomnar tilllögur strandveiðinefndar LS, veiði heimiluð 4 daga í viku, 4 rúllur, 14 tímar, 650 þ.íg. svæðaskipting óbreytt, enginn hámarksafli enda skilyrt að aflinn verði tekinn utan aflamarks.

7. Aðalfundur Kletts ítrekar fyrri ályktanir um línuívilnun til allra dag-róðrabáta

8. Aðalfundur Kletts hafnar alfarið aðild að Evrópusambandinu.

9. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta í þorskígildum í stað núverandi fyrirkomulags.

10. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að koma á byggðaívilnun í stað byggðakvóta.

11. Aðalfundur Kletts hvetur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að endurskoða þær reglur sem beitt er í við úthlutun byggðakvóta til byggðalaga, með það sérstaklega í huga að bæta hag smærri byggðalaga svo og þeirra byggðalaga sem byggja sína afkomu að mestu leiti á sjávarútvegi.

12. Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl með auknum veiðiheimildum til krókaveiða í allt að 20.000 tonn.

13. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðinu sem þeir hafa orðið fyrir með lækkun sjómannaafsláttar.
Fyrirhugað afnám sjómannasláttar mun auka þessa tekjuskerðingu enn frekar og skorar fundurinn á ráðherra að kanna aðrar leiðir í þessu sambandi, t.d. með dagpeningagreiðslum, hærri persónuafslætti eða öðrum sambærilegum skattaívilnunum.

14. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs.

15. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.

Árskógssandi 05.10.2012.
Fyrir hönd stjórnar Svæðisfélagsins Kletts.

Pétur Sigurðsson

Formaður